

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis til umdæmistjórnarfundar 17 mars 2012

28 janúar sl. var haldin svæðisráðsstefna á Akureyri. Hún var mjög vel sótt af öllum fulltrúum klúbbanna í svæðinu að einum undanskildum, Öskju á Vopafirði sem ekki gat mætt vegna slæmrar færðar, en forseti sendi skýrslu sína á fundinn, sem svæðisstjóri las. Skýrslur klúbbanna voru lesnar og sýndu að mjög öflugt starf er unnið í öllum klúbbum í svæðinu. Fyrir svæðisráðsstefnu lá að ákveða næsta styrktarverkefni Óðinssvæðis, svo og tilnefning til kjör-kjörsvæðisstjóra fyrir árið 2012-2013. Einn var tilnefndur og kom frá kiwanisklúbbnum Skjálfanda, Guðmundur Karl Jóhannesson fráfarandi forseti og var kjör hans staðfest með lófaklappi fundarmanna. Lagðar voru fram tillögur um næsta styrktarverkefni Óðinssvæðis og var samþykkt af meirihluta fundarmanna að styrkja fuglasafn Sigurgeirs við Mývatn í tilefni þess að hann hefði orðið 50 ára á þessu ári, en eins og margir vita var Sigurgeir mjög öflugur kiwanismaður, en hann drukkaði við störf sín, ásamt tveimur öðrum við línulögn á báti við Mývatn. Talsverðar umræður urðu um þetta verkefni og kom það ekki á óvart, þar sem klúbbarnir Drangey og Skjöldur höfðu ekki áður verið með neitt sérstakt svæðisverkefni í Grettissvæði, en þeir ásamt öllum öðrum klúbbum í Óðinssvæði veita verulega styrki í sínu byggðarlagi til góðgerðarmála og er það efni í aðra viðameiri skýrslu að telja upp hvað hver klúbbur er að veita og hverjum, en þá vil ég nefna stæðstu styrkina. **Skjálfandi Húsavík** hefur veitt alls 3,4 milljónir í styrki á síðustu ári, sem hafa farið til björgunarsveitarinnar Garðars til kaupa á nýjum björgunarbáti, Íþrótafélags fatlaðra og stuðningur við Húsvíks íþróttafólks og vinnuframlög klúbbfélaga 820 klst. svo eitthvað sé nefnt. Félagar í **Skildi Siglufirði** unnu við uppsetningu og frágangi á skynörvunarherbergi sem tilheyri Iðju-dagvist. Herbergið er sérútbúið til þess að örva heyrn, sjón og snertiskyn. Einkum ætlað fólki í Fjarðarbyggð og nágrenni. Í herberginu er vatnsrúm með hátölurum sem magna upp róandi tónlist í gegn um vatnið í dýnunni. Eins er lykt og lýsing notuð til þess að örva skylfærin, en upplifunin styrkir taugakerfið og hefur þroskandi áhrif á heilann. Þá styrkja þeir íþróttafólk Siglufjarðar og fleirra, en styrktarupphæð alls krónur 363 þúsund og vinnuframlag 247 klst. Kiwanisklúbburinn **Grímur Grímsey** veitti 400 þúsund til siglingaklúbbsins Nökkva vegna kaupa á á báti til unglunga og barnastarfa þeirra. **Kaldbakur** styrkti einnig Nökkva um 300 þúsund, vegna kaupa á siglingabát, sem ætlaður er fyrir mikið fatlaða einstaklinga og var bátur þessi sýndur styrktaraðilum í Menningarmiðstöðinni Hofi í vetur. Með þessari upptalningu er aðeins dregið á það helsta, en ljóst er af mánaðarskýrslum klúbbanna sem allar hafa borist á réttum tíma, að mjög öflugt starf er í öllum klúbbum í svæðinu (Snú við)